

Ed.

760. Breytingartillaga

við frv. til laga um laun embættismanna.

Flutningsm.: Eggert Pálsson.

1. Þriðja málsgrein 11. greinar hljóði svo:

Sýslumennirnir í Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Barðastrandarsýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu og Suðurmúlasýslu hafa að byrjunarlaunum 4200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5200 kr.

2. Fjórða málsgrein sömu greinar falli burt.